

arra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætlun kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febr. 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar gjaldskrár sama efnis nr. 277, 10. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur iðnaðarráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkunir á gildandi gjaldskrá eftirtalinna rafveitna frá og með 15. febrúar 1979.

Reyðarfjörður	gjaldskrá nr. 312 frá 24. ág.	'78	hækkun um 16.0%
Voga- og Vatnsleysustr. hr.	gjaldskrá nr. 280 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%
Njarðvík	gjaldskrá nr. 279 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%
Keflavík, Gerðahr.	gjaldskrá nr. 278 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%
Miðneshreppur	gjaldskrá nr. 274 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%
Selfoss Hveragerði			
Eyrbakki, Stokkseyri	gjaldskrá nr. 283 frá 10. ág.	'78	hækkun um 15.8%
Akranes	gjaldskrá nr. 160 frá 29. mars	'77*	hækkun um 17.2%
Borgarnes	gjaldskrá nr. 13 frá 11. jan.	'78*	hækkun um 16.0%
Sauðárkrókur	gjaldskrá nr. 281 frá 11. ág.	'78	hækkun um 16.0%
Siglufjörður	gjaldskrá nr. 309 frá 28. ág.	'78	hækkun um 17.2%
Akureyri	gjaldskrá nr. 282 frá 11. ág.	'78	hækkun um 15.8%
Húsavík	gjaldskrá nr. 339 frá 22. sept.	'78	hækkun um 16.0%
Grindavík	gjaldskrá nr. 276 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%

* með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 13. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.